



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps  
Fundarboð og málefni

Fundur nr.148 **Málsnr 1801006** var haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 25.júní 2019, kl. 15:00.

Mættir eru Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason, Gústaf B. Pálsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Davíð Andri Agnarsson. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem jafnframt ritar fundargerð.

**Óskað er eftir að bæta við lið 10.**

**1901004 – Þétting byggðar – Tillaga á Ask breytingu**

**1. 1810003 Hátún, bókun í skipulagsnefnd - Fyrirspurn.**

Oddur Hermannson frá Landform óskar eftir að skipulagsnefnd endurskoði afstöðu sína varðandi afgreiðslu nefndarinnar á fundi þann 9.apríl sl. Sjá í meðfylgjandi gögnum, afrit af bréfi/tölvupósti frá Oddi Hermannsyni dags. 17.maí 2019.

*Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að svara umsækjanda.*

**2. 1604007 Deiliskipulag Hrífunes, Landnúmer 163373**

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er landnotkun fyrir Hrífunes (Landnr. 163373) skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Núverandi byggingar á lóðinni eru Gistihús byggt 1947 (Mhl 04), Gisthús byggt 1954 (Mhl 03) og Gistihús byggt 2014 (Mhl 05). Skilgreindur er nýr byggingarreitur samtals 375 m<sup>2</sup> fyrir viðbyggingu/stakstæða byggingu austanmegin við núverandi gistihús (Mhl 04). Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara. Byggingin er einnar hæðar með kjallara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m<sup>2</sup>

Tillagan var auglýst frá **3.apríl til 22.maí 2019**. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

*Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna með tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**3. 1906010 Slétta lóð – Umsókn um fullnaðarskráningu lóðar 163444**

Páll Elíasson kt. 290552-3039 óskar eftir fullnaðarskráningu lóðar 163444 skv. meðfylgjandi gögnum.

*Skipulagsnefnd samþykkir erindið*

KH

GBP

BVG

DAJ

JK

4. **1906011 Ríkiseignir – Staðfesting landskipta og hnitasetning landamerkja jarða.**  
Ríkiseignir kt. 690981-0259 fh. Landeiganda, Ríkissjóðs Íslands óska eftir staðfestingu sveitarfélagsins á landskiptum/landamerkjum jarðanna Bakkakot 1, lnr. 163302, Bakkakot 2, lnr. 163303, Strönd-Rofabær, lnr. 163428, Rofabær 1, lnr. 163427 og Sandasel, lnr. 163430. Sjá nánar í meðfylgjandi gögnum.  
*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að sveitarstjórn staðfesti landskiptin.*
5. **1906012/1705004 Gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram DRÖG að gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi.
6. **1902014 Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2019**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram DRÖG að Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2019  
*Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram í anda umræðna á fundinum.*
7. **1906013 Skaftárvellir – Endurskoðun deiliskipulagsskilmála. – Til kynningar.**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram gögn v. endurskoðunar dsk skilmála fyrir Skaftárvelli í heild sinni.
8. **1904001 Endurskoðun aðalskipulags – Til kynningar**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi sem starfar með vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulags segir frá starfi vinnuhópsins síðustu misserin. Leggur jafnframt fram fundargerðir vinnuhópsins til kynningar.
9. **Önnur mál til kynningar**
- Heiði hús – Ný spilda 1098 m<sup>2</sup> skipt úr Heiði
  - Hecate Energy – Wind Energy project
  - Vegagerðin – Námur Suðursvæði
10. **1901004 Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri – Tillaga að Ask breytingu**  
Um er að ræða verulega breytingu á aðalskipulaginu þar sem lögð er til breyting á texta í greinargerð í kafla 3.1 íbúðarsvæði en ekki er gerð breyting á aðalskipulagsuppdrætti. Breytingin felur í sér leiðréttingu á texta þar sem kemur fram að svæðið sé fullbyggt en eftir breytingu er leyfilegt að byggja 19 nýjar íbúðir, á aðalskipulagsuppdrætti er svæðin sýnd stærra en byggðar lóðir en Preststúnið og svæði við læknisbústað hafa lengi verið hugsuð sem framtíðar íbúðarsvæði á Kirkjubæjarklaustri.  
Skipulagslýsingin var kynnt frá 15. maí - 31. maí 2019 og barst ein umsögn frá Veðurstofu Íslands, móttækin 20. júní 2019. Í umsögninni kemur m.a. fram að Veðurstofan telur óæskilegt að byggja svo mörg hús á hættusvæði, sér í lagi efstu húsaraðirnar á reitunum tveimur.

KH

GBP.

BVG DAA

JHA